

Fundargerð 20. stjórnarfundar

starfstímabilið 2010-2012

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 27. október 2011 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Sigurður Ingvarsson, Hannes Strange, Felix Sigurðsson. Forföll tilkynnt: Benóný Jónsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir. Einnig sat Jónas Egilsson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð 20. fundar stjórnar lögð fram og samþykkt.
2. Mál til afgreiðslu og kynningar.
 - 2.1. Tillaga að Ólympíuhópi FRÍ. Tillaga Íþrótt- og afreksnefndar um Ólympíuhóp FRÍ 2011-2012 lögð fram. Samþykkt.
 - 2.2. Afreksmál 2012 – aðkoma FRÍ og umsjón. Hugmyndir formanns um verkaskiptingu sambandsaðila og FRÍ í íþrótt- og afreksmálum lagðar fram. Samþykkt að kynna þessar hugmyndir fyrir sambandsaðilum.
 - 2.3. Stigatöflur unglunga. Lögð fram greinargerð frá Friðriki Þór um samanburð á finnskri töflu, eistneskri og norskum töflum. Ákv. að senda sambandsaðilum til umfjöllunar.
 - 2.4. Hugmyndir að endurbættri skólaþrífraut. Tillögur að skólaþrífraut lagðar fram. Samþykkt að vinna eftir þessum hugmyndum.
 - 2.5. Nýtt mótaforrit. Formaður gerði grein fyrir undirbúningi og mögulegu samstarfi við lokaársnema tölvudeildar HR um þróun á nýju mótaforriti.
 - 2.6. Mótaskrá fyrir 2012 og mótaráð FRÍ. Samþykkt að leggja fyrirleggjandi drög um mótaskrá til kynningar á fundi sambandsaðila um mótamál o.fl. Einnig var samþykkt að leggja fram tillögur að mótaráð á fundinum.
 - 2.7. Mannvirkjaping 2012. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir undirbúningi fundarins og kostnaðaráætlun. Stefnt að fundinum um miðjan febrúar og með erlendri þátttöku.
 - 2.8. Reglur um götuhlaup og tillaga að gjaldskrá fyrir mælingar á götuhlaupum fyrir 2012, lögð fram til kynningar.
 - 2.9. Breytingar hjá IAAF á þyngdum áhalda í 16-17 ára flokki stúlkna: 500 gr. spjót, 3 kg kúla og sleggja – var 600 gr. og 4 kg. Samþykkt að breytingar IAAF taki gildi hér á landi 1. janúar nk., með fyrirvara um endanlegt samþykki FRÍ þings.
3. Fjármál.
 - 3.1. Ársreikningar FRÍ ehf 2010, lagðir fram.
 - 3.2. Verkefnisstjóri unglíngamála. Formaður gerði grein fyrir samkomulagi um áframhaldandi störf Þórunnar Erlingsdóttur vegna unglíngamála fyrir FRÍ. Samþykkt.
 - 3.3. RIG 2012 – samstarf við félögin í Reykjavík vegna undirbúnings og framkvæmda. Formaður gerði grein fyrir því að náðst hefði samkomulag um að FRÍ verði verktaki að undirbúningi og framkvæmd frjálsíþróttahluta RIG 2012. Einnig gat hann þess að Þórey Edda Elísdóttir myndi sjá um þann hluta af hálfu FRÍ.
 - 3.4. Drög að yfirliti um kostnað vegna móta á vegum FRÍ lagt fram, vegna húsaleigu, verðlaunakostnaðar og kostnaðar við alþjóðleg mót.

5. Þing og fundir.
 - 5.1. Mótapiing 2011, undirbúningur, dagskrá, dag- og staðsetning. Ákveðið að fundurinn verði sunnudaginn 20. nóvember nk. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.
 - 5.2. FRÍ þing, 16. og 17. mars 2012 á Selfossi. Þingið verður haldið í Fjölbautarskóla Suðurlands. Undirbúningur á staðnum er í höndum frjálsíþróttaráðs HSK og skrifstofu FRÍ.
 - 5.3. Aðalfundur Frjálsíþróttasambands evrópskra smáþjóða (AASSE). Hannes Strange greindi frá fundinum og tilkynnti að Jónas Egilsson hefði verið kjörinn formaður samtakanna á fundinum sem haldinn var í Arona.
 - 5.4. Norrænir fundir 2. og 16. okt. sl. Framkvæmdastjóri FRÍ sótti fund norrænna framkvæmdastjóra sem fram fór í Osló 2. okt. sl. Þar var rætt um norræn mót næsta árs og fyrirkomulag norræns samstarfs. Tveir norrænir framkvæmdastjórar eru að láta af störfum, bæði sá finnski og sænski, en þeir hverfa til annarra starfa. Á norræna fundinum í Arona var m.a. rætt um „Nordic House“ í Helsinki vegna EM þar í borg á næsta ári.
 - 5.5. Fundur ÍSí, 19. okt. sl., vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana 2012. Á þessum fundi var greint frá undirbúningi ÍSí fyrir leikana á næsta ári. Fundinn sóttu f.h. FRÍ Jónas Egilsson og Þórey Edda Elísdóttir.
 - 5.6. Formannafundur ÍSí, 11. nóv. nk. kl. 16:30 á ÍSí. Benóný Jónsson sækir þennan fund fyrir hönd FRÍ.
 - 5.7. Fundir vegna undirbúnings f. Ólympíuleikana 2012. Formaður skýrði frá því að efnt hefði verið til fundar með fulltrúum þeirra félaga sem eiga einstaklinga í nýjum Ólympíuhópi FRÍ. Fundinn sátu auk þess verkefnisstjóri FRÍ, framkvæmdastjóri og þjálfarar þeirra einstaklinga sem um ræðir. Almenn ánægja var með fundinn og fundarmenn hlyntir því að bæta og efla samstarf innan hópsins fyrir leikana á næsta ári.
6. Lagt fram á fundinum.
 - 6.1. Stefnumótun í íþróttamálum, frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Ákveðið að skoða þessa stefnumótun nánar með hliðsjón af stefnu og markmiðum FRÍ.
 - 6.2. Niðurstöður þings IAAF, yfirlit samþykktra tillagna og niðurstöður kosninga. Ákveðið að kynna reglubreytingar á fundi um mótamál í næsta mánuði.
 - 6.3. Niðurstöður 70. Íþróttapiings, lagðar fram. Ákveðið að vísa til laganefndar til skoðunar ákvörðunum er varða breytingar á hlutverki sérráða og ákvörðunum um lög sérsambanda.
 - 6.4. Umsóknir um mót EAA 2012-2015 – lagt fram til kynningar. Samþykkt að senda þetta til Íþrótt- og afreksnefndar og Íþróttamannanefndar til umsagnar.
 - 6.5. Viðurkenning EAA fyrir framlag konu til frjálsíþróttar. Erla Gunnarsdóttir fékk viðurkenningu EAA fyrir framlag konu til íþróttahreyfingarinnar á árinu. Samþykkt að afhenda henni þessa viðurkenningu á þingi FRÍ.
 - 6.6. Samstarfssamningur við HR. FRÍ og HR gerðu með sér samkomulag um samstarf í fræðslumálum fyrir þjálfara vorið 2009. Fyrir liggur tilboð IAAF um að gefa Kids Athletics töskur til þeirra háskóla sem vilja gera samning við IAAF og FRÍ um kennslu Kids Athletics í skólunum. Ákveðið að bjóða bæði Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands upp á þennan möguleika.
7. Ákveðið að efna til óformlegs vinnufundar stjórnar 7. nóv. nk. vegna undirbúnings fyrir fund um mótamál o.fl. 20. nóv. nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:45.

Jónas Egilsson.